

Stefna og viðbragðsáætlun Framsóknarflokksins

Skilgreiningar í stefnu og viðbragðsáætlun Framsóknarflokksins

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Einelti er siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Stefna Framsóknarflokksins

Í öllu starfi Framsóknar eiga starfsmenn og flokksmenn að sýna kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða önnur ótilhlýðileg hegðun verður ekki umborin í starfi flokksins undir neinum kringumstæðum.

Framsókn mun leggja áherslu á að koma í veg fyrir hegðun sem þessa með stefnu og fræðslu um forvarnir innan flokksins. Stefnan og viðbragðsáætlunin skal vera öllum flokksmönnum aðgengileg og vel kynnt á heimasíðu Framsóknar.

Kynning á stefnu, viðbragsáætlun og forvarnaraðgerðum

Stefna og viðbragðsáætlunin er kynnt öllum félagsmönnum og aðgengileg á vefsíðu flokksins auk þess sem henni er dreift á landsþingi flokksins og miðstjórnarfundum ár hvert. Nýjum félagsmönnum skal send stefnan í tölvupósti er þeir skrá sig í flokkinn. Stefnuna og viðbragðsáætlunina skal endurskoða reglulega og allar breytingar eða uppfærslur kynntar og hafðar aðgengilegar öllum félagsmönnum.

Forvarnaraðgerðir:

Til forvarnaraðgerða telst fræðsla á vegum flokksins s.s. á heimasíðu hans og á samkomum á vegum Framsóknar. Framkvæmdastjórn skal tryggja að fræðsla og forvarnarstarf flokksins sé virkt og ber ábyrgð á málaflokknum.

Framsóknarflokkurinn hefur í yfir hundrað ár haft virðingu og heiðarleika að leiðarljósi. Hjá Framsókn skal leggja áherslu á að flokksmenn láti skoðun sína í ljós þar sem uppbyggileg gagnrýni er í hávegum höfð. Hjá Framsókn er tekið strax á særandi samskiptavanda og leitast við að leiða mál strax til lykta.

Viðbragðsáætlun XB

Fara skal eftir eftirfarandi viðbragðsáætlun í öllum þeim tilvikum þar sem grunur er um að kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi, einelti, eða önnur ótilhlýðileg hegðun eigi sér stað eða hafi átt sér stað í starfi flokksins. Komi upp mál sem benda til brota á hegningarlögum stal tafarlaust vísað til lögreglu. Viðbragðsáætlun Framsóknar skal m.a. virkjuð:

- verði flokksmenn varir við hegðun eða ágreining í samskiptum sem vekur grunsemdir um að kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi eða einelti eða önnur ótilhlýðilega hegðun sé til staðar í starfi flokksins, berist kvörtun þess efni eða ábending um þar um. Við mat á því hvort viðbragðsáætlun sé virkjuð skiptir ekki máli hvort kvörtun eða ábending sé skrifleg eður ei. Þó skal tekið fram að ekki er tekið við nafnlausum ábendingu.

Samskiptavandi:

Ef upp koma ágreiningsmál, samskiptaerfiðleikar eða hagsmunaárekstrar er mikilvægt að aðgreina þá frá hefðbundinni rökræðu eða málefnaágreiningi. Flokksmenn skulu sýna hvor öðrum virðingu í samskiptum undir öllum kringumstæðum.

Viðbrögð Framsóknarflokksins:

Verði flokksmaður var við kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, einelti, eða aðra ótilhlýðilega hegðun eða hefur rökstuddan grun um að framangreinda hegðun í starfi flokksins skal bregðast við án ástæðulausrar tafar og vísa málinu til Siðanefndar sem kosin er á flokksþingi samkvæmt lögum flokksins.

Flokksmenn geta óskað eftir því við Siðanefnd að viðbragðsáætlun sé virkjuð og skal nefndin verða við því sé rökstuddur grunur fyrir hendi. Sé flokksmaður í Siðanefnd aðili máls skal hann víkja og hafa enga aðkomu að málinu.

Tilkynningarskylda félaga í Framsóknarflokksnum

Verði flokksmenn varir við hegðum sem hér um ræðir eða hafa rökstuddan grun um að hún eigi sé stað ber þeim að bregðast við með því að koma á framfæri kvörtun eða ábendingu til Siðanefndar Framsóknarflokksins. Flokksmaður skal jafnframt vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar. *Tilhæfulausar ásakanir verða litnar alvarlegum augum og geta leitt til brottvikningar úr starfi flokksins.*

Fyrstu viðbrögð:

Siðanefnd ber ábyrgð á rannsókn mála og skal þegar í stað virkja viðbragðsáætlun teljist þess þörf. Taka skal allar tilkynningar alvarlega og sýna nærgætni í aðgerðum gagnvart aðilum máls. Skal framkvæmdastjóri í umboði Siðanefndar meta þörf þolanda fyrir stuðning og veita hann eins fljótt og auðið er. Leggja skal ríka áherslu á að brugðist sé við hið fyrsta í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hegðunin endurtaki sig.

Hver verða viðbrögðin?

Siðanefnd skal sjá til þess að gerð verði athugun á málsatvikum í þeim tilgangi að meta hvers eðlis umrædd kvörtun eða ábending er ásamt því að meta hvort ástæða sé til að leita til utanaðkomandi aðila til aðstoðar svo leiða megir mál til lykta og tryggja hlutlausa málsmeðferð.

Við meðferð máls skal sýna varfærni og nærgætni í aðgerðum með virðingu og einkahagi hlutaðeigandi í huga, meðal annars með því að veita ekki óviðkomandi aðilum upplýsingar um mál og tryggja að utanaðkomandi aðilar sem kunna að koma að meðferð máls geri slíkt hið sama. Áður en málsmeðferð hefst skal Siðanefnd upplýsa aðila máls.

Upplýsinga aflað:

Siðanefnd skal tryggja að við matið sé hlutaðeigandi gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að jafnan sé rætt við einn aðila máls í senn.

Athugun á málsatvikum skal fela í sér viðtal við ætlaðan þolanda, ætlaðan geranda, vitni eða aðra þá sem veitt geta upplýsingar sem skýra málsatvik. Skrásetja skal allar frásagnir aðila og bera þær undir viðkomandi til samþykktar. Leitað verður upplýsinga um tímasetningar og önnur gögn, s.s. tölvubréf, smáskilaboð í síma eða tölvu eða annað sem varpað getur ljósi á málavöxtu veiti málsaðilar aðgang að þeim gögnum.

Siðanefnd skal sjá til þess að allt sem tengist meðferð máls sé skráð niður og halda hlutaðeigandi upplýstum meðan á meðferðinni stendur. Trúnaður skal ríkja um málið og mikilvægt að upplýsingar sé vandlega gætt.

Ráðstafanir vegna samskipta meðan á rannsókn stendur:

Meðan á athugun máls fer fram skal tryggja að ætlaður þolandi og ætlaður gerandi þurfi ekki að hafa samskipti í starfi flokksins.

Allar upplýsingar meðhöndlaðar sem trúnaðarmál:

Allar upplýsingar sem fást um málið verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og verða öll gögn varðveitt á öruggum stað.

Siðanefnd skal tryggja að óviðkomandi aðilum verði ekki veittar upplýsingar um málið og tryggja að utanaðkomandi aðilar sem kunna að koma að meðferð máls geri slíkt hið sama.

Aðgerðir í kjölfar niðurstöðu:

Þegar mál telst nægjanlega upplýst skal Siðanefnd taka ákvörðun til hvaða aðgerða verði gripið í samræmi við alvarleika máls hverju sinni.

Þegar atvik eða hegðun telst sannarlega vera kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, einelti eða ofbeldi verður geranda veitt tiltal eða honum vikið úr starfi flokksins á formlegan hátt.

Tilkynna skal hlutaðeigandi flokksmönnum skriflega um málalýktir. Áður en málinu er lokið skal bera niðurstöður undir ætlaðan þolanda og ætlaðan geranda.

Eftirfylgni mála:

Láti gerandi ekki af háttsemi sinni sem leiddi til málsmeðferðar af hálfur Framsóknarflokksins þrátt fyrir tilmæli þar um getur það leitt til tafarlausrar brottvikningar úr starfi flokksins.

Flokksþing Framsóknarflokksins er æðsta vald flokksins á Íslandi.

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er þannig samþykkt á flokksþingi

Framsóknarflokksins í 19-20. mars 2022